REYKJAVÍKURBORG - ÚTHLUTUN

Auglýst er eftir umsóknum byggingarmeistara og/eða byggingarfélags um úthlutun fjölbýlishúsalóðarinnar Flyðrugrandi 8, 8a, 8b og 8c. Ætlast er til, að byggt sé skv. þegar samþykktum byggingarnefndarteikningum, sem liggja frammi til skoðunar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 2, 2. hæð.

Allar nánari upplýsingar s.s. um áfallinn kostnað vegna jarðvegsvinnu, hönnunar o.fl. veitir skrifstofustjóri borgarverkfræðings.

Umsóknarfrestur er til 10. nóv. n.k.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

LAUS STAÐA SAMGÖNGUMÁLANEFNDAR NORÐURLANDARÁÐS

Staða ritara samgöngumálanefndar Norðurlandaráðs er laus frá 1. des. n.k. Sérþekking á starfssviði nefndarinnar og góð kunnátta í einu norðurlandamáli er nauðsynleg. Laun nú um 86 þús. sænskar kr. og staðaruppbót nú um 21 þús. sænskar kr. á ári. Búseta í Stokkhólmi áskilin.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, sendist Íslandsdeild Norðurlandaráðs, alþingishúsinu fyrir 5. nóv. n.k.

Forsætisnefnd ráðsins tekur ákvörðun um ráðningu.

ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS

Fjölbrautarskólinn Breiðholti

Skrifstofuaðstoð óskast að skólanum í 2 mánuði og er um hálfs dags starf að ræða. Upplýsingar gefur Rögnvaldur Sæmundsson, aðstoðarskólameistari í síma 75600 eða í skólanum á skrifstofutíma.

Skólameistari

ÓGNARSTJÓRN RAUÐU KMERANA

Fundur um málefni Kambódíu verður haldinn í Valhöll, Sjálfstæðishúsinu v/Háaleitisbraut laugardaginn 29. október kl. 14.00.

Framsöguræðu flytur Elín Pálmadóttir blaðamaður, sem kynnt hefur sér ástandið austur þar af eigin raun.

Á fundinum munu auk þess mæta sérfróðir menn um málefni SA-Asíu.

GEGN KOMMÚNISMA -
GEGN FASISMA -
MEÐ MANNRÉTTINDUM

HEIMDALLUR S.U.S.

Líf og list um helgina



Gunnar Örn með þremum listaverkum sínum. Ljósm. Vísis JA

„Hér er enginn „ismi""

SEGIR Gunnar Örn Gunnarsson listmálari, sem opnar sýningu á verkum sínum að Kjarvalstöðum á laugardaginn

„Ég vil ekki flokka myndirnar undir neinn „isma". Með því væri verið að loka þær inni á ákveðnum bás," sagði Gunnar Örn Gunnarsson myndlistarmaður í samtali við Vísi.

Gunnar Örn opnar á laugardaginn kl. 14 sýningu á málverkum sínum í Austursal Kjarvalsstaða. Á sýningunni verða 68 myndir, sem flestar hafa verið unnar á síðustu tveim árum. Gunnar Örn fékk á síðasta ári starfsstyrk frá menntamálaráðuneytinu til 6 mánaða og sagðist hann hafa unnið margar myndanna á þeim tíma.

Gunnar Örn er sjálfmenntaður í málaralistinni og hefur hann fengist við myndgerð í 13 ár. Hann hefur haldið 9 sýningar á verkum sínum í Reykjavík, Kaupmannahöfn, og víðar. Síðast sýndi hann í Norræna húsinu í febrúar 1976.

Þegar við spurðum Gunnar Örn hvort hann teldi einhverjar breytingar hafa orðið á myndum hans síðan hann sýndi síðast, sagði hann að líklega væri minni óróleiki í myndunum en oft áður. „Ég hef reynt að einfalda myndirnar eins og unnt er," sagði hann.


Síðan í sumar hefur Gunnar Örn ásamt fjórum öðrum myndlistarmönnum haft aðstöðu í gamla haughúsinu á Korpúlfsstöðum. Sagði hann að þar væri vítt til veggja og gæfi það möguleika á að gera stærri myndir en hann hefði áður gert. Stærstu myndirnar eru því unnar þar og eru þær um 2x2 metrar á stærð.

Á sýningunni eru margar andlitsmyndir, en fæstar þeirra eiga sér raunverulega fyrirmynd. Ein undantekning er þó mynd, sem Gunnar Örn gerði fyrir sýningu sem haldin var í Kaupmannahöfn í tilefni 50 ára skáldafmælis Jens August Schade. Myndin er gerð við ljóð eftir skáldið og er andlitsmynd af Schade í verkinu.


Myndirnar eru allar til sölu og er verð þeirra frá 60-500 þúsund krónur.

Missið ekki af Helgarblaðinu á morgun!

„Erfitt að sannfæra ráðamenn um nauðsyn veglegs útvarpshúss"



● Elías Snæland Jónsson, blaðamaður spjallar við Vilhjálm Þ. Gíslason, fyrrverandi útvarpsstjóra um líf og starf.



Utangarðs eða innangarðs?

● Páll Pálsson ræðir við Megas og Egil Ólafsson um nýja plötu „Á bleikum náttkjólum"

● HAMAR ÞÓRS — Helgarblaðið birtir kafla úr nýrri bók Magnúsar Magnússonar. Nefnist hann Helvegur og fjallar um viðhorf norrænna víkinga til dauðans og lífsins eftir hann.

● TÖFRAR — Erlendur Sveinsson skrifar Kvikmyndaspjall um fyrirrennara bíósýninga nútímans.

● Þá skrifar Davíð Oddsson AF FÓLKI og nefnist pistill hans „Að hræra samsteypuna", Anna Brynjólfsdóttir sér um barnasíðuna HÆ KRAKKAR!, Ómar Þ. Halldórsson skrifar SATÍN, þátturinn SVO VAR ÞAÐ FYRIR 15 ÁRUM og sitthvað fleira er í blaðinu.

Helgarblaðið fylgir laugardagsblaði Vísis!